MMR 1001/1057
2.3.1

# Heimsminjanefnd Íslands

**FUNDARGERÐ - staðfest** 24. fundur

**Fundur heimsminjanefndar Íslands 24. ágúst 2011**

24. fundar Heimsminjanefndar Íslands var haldinn í Þjóðminjasafninu, Kaffitári, þann 24. ágúst 2011 og hófst kl.13. Viðstaddir voru Margrét Hallgrímsdóttir formaður sem stjórnaði fundi, Sigurður Á. Þráinsson og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð. Þórdís V. Bragadóttir frá Umhverfisstofnun/Surtseyjarstofu sat einnig fundinn. Forföll boðuðu Kristín H. Sigurðardóttir og Lovísa Ásbjörnsdóttir.

**Dagskrá**
1. Fundargerð fyrri funda lagðar fram til samþykktar.
2. Torfajökulsaskja. Næstu skref.
3. Málefni Þingvallavatns.
4. Málefni Surtseyjar.http://www.visir.is/article/2011110519946
5. Aðalfundur WHC í París 20.-28. júní nk.
*(See attached file: 35th World Heritage Committee.docx)*
6. Önnur mál

1. *Fundargerð síðasta fundar* lögð fram og samþykkt.

2. *Torfajökulsaskja.* Minnisblað til ríkisstjórnarinnar er næstum tilbúið og verður lagt fram um leið og ráðherra ákveður.

3. *Málefni Þingvallavatns.* Frestað til næsta fundar.

4. *Málefni Surtseyjar.* Vígslu skiltis hefur verið frestað, átti að vera 26.8.2011. Dagsetning verður ákveðin seinna.
   Þórdís mun senda áletrun á skjöldinn til nefndarinnar til samþykktar.
   Surtseyjarstofa mun vera opin 16. september nk. á degi íslenskrar náttúru og þá verður frítt inn.

5. *Aðalfundur WHC í París 20.-28. júní 2011.* Margrét sagði frá fundi heimsminjanefndar UNESCO í júlí 2011 (fundargerð í fskj.) RHÞ dreifði minnisblaði frá fastanefnd ESB um ástandið í heimsminjanefndinni til fróðleiks.

6. *Önnur mál.*
   a) Margrét sagði frá hugmyndasamkeppninni um nýtingu Þingvalla. Frestur til að skila inn hugmyndum er runninn út og borist hafa um 100 tillögur. Dómnefnd er að hefja úrvinnslu þeirra.
   b) Ragnheiður sagði frá fyrirhuguðum fundi tengiliða heimsminjasamningsins (Focal Points) frá V- Evrópu, Eystrasaltsríkjum og Norðurlöndum hér á landi 19. – 21.

október 2011. Markar upphaf vinnu Evrópuríkja við gerð skýrslu um vinnu við heimsminjasamninginn.

c) Sigurður minnti á nauðsyn þess að forgangsraða tilnefningum og ákveða hvaða tilnefningin kæmi næst.

Næsti fundur verður 28. september 2011, kl. 13 í Þjóðminjasafninu.
Fundi slitið kl. 13.40.

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir